

STARFSFÁÆTLUN LEIRVOGSTUNGUSKÓLA

2022 - 2023



Nafn: Leirvogstunguskóli

Heimilisfang: Laxatunga 70

Símanúmer: 586 - 8648

Netfang: gudrunbjorg@mos.is

Vefsíða: leirvogstunguskoli.leikskolinn.is

VIRÐING - JÁKVÆÐNI - GLEÐI - KÆRLEIKUR



EFNISYFIRLIT

Ávarp leikskólastjóra	3
Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	4
Innra mat	4
Ytra mat.....	4
Foreldrakönnun Skólapúlsins	4
Starfsmannakönnun Leirvogstunguskóla	5
Matsáætlun	6
Umbótaáætlun.....	7
Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	8
Starfsmannamál og áætlanir.....	10
Starfsmannahópurinn.....	10
Starfspróunarsamtöl	10
Símenntun frá síðasta ári	10
Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	11
Aðrar upplýsingar.....	12
Barnahópurinn 1. maí.	12
Foreldrasamvinna.....	12
Foreldraráð	12
Foreldraviðtöl.....	12
Foreldrafélag	13
Almennar upplýsingar.....	14
Hefðir og menning.....	15
Leikskóladagatal 2022 - 2023	17

ÁVARP LEIKSKÓLASTJÓRA

Skólaárið 2021-2022 var krefjandi á margan hátt. Heimsfaraldurinn hafði mikil áhrif á leikskólastarfið og ekki síður þátttöku foreldra í leiksskólastarfinu. Stytting vinnuvikunnar hafði töluverð áhrif með auknu álagi og breyttu skipulagi sem tók mið af því. Framkvæmdir á nýju eldhúsi voru bæði krefjandi og mikið rask fyrir alla með fulla starfsemi í húsinu. Við þurftum að vera með eindæmum lausnamiðuð til að láta starfið ganga upp.

Sem fyrr segir voru margar áskoranir á liðnu skólaári sem þurfti að takast á við en þrátt fyrir það var faglegt starf unnið á öllum deildum. Farið var af stað með námsefni eins og Lubba og könnunarleikinn. Nokkuð vel gekk að vinna með kennsluáðferðina „Leikur að læra“ en því miður urðum við að fella niður foreldraverkefnið í fataklefa.

Nú á haustdögum, í upphafi nýs skólaárs, sjáum við fram á betri tíma þar sem starfsemi leikskólans getur haldið áfram óheft. Búið er að fullklára eldhús og nýr matráður tekin til starfa.

Samskipti starfsfólks og foreldra verður aftur með eðlilegum hætti og til að mynda getum við nú aftur farið að bjóða foreldrum inn í skólann okkar í foreldrakaffi og spjall.

Við viljum vera framsækinn leikskóli og sjáum við mikil tækifæri í því að sækja okkur meiri þekkingu og auka við fræðslu í formi námskeiða og fyrirlestra en fyrirhuguð námsferð starfsfólks er á vordögum.

Þakklæti til starfsfólks leikskólans, barna og foreldra sem stóðu af sér þennan krefjandi vetur með samvinnu, jákvæðni, útsjónarsemi og lausnum.

Guðrún Björg Pálsdóttir

Leikskólastjóri Leirvogstunguskóla

Mosfellsbæ



MAT Á LEIKSKÓLASTARFI OG UMBÓTAÁÆTLUN

INNRA MAT

Með innra mati leikskóla er lögð áhersla á að draga fram þá þætti sem við viljum bæta, leggja mat á og leggja grunn að umbótaáætlun þar sem þess er þörf. Á vormánuðum var myndað teymi sem sér um matsferlið, skipulagningu og framkvæmd. Áætlunin tekur til næstu tveggja skólaára.

Óformlegt mat á sér stað daglega á morgunfundum, á reglulegum deildar- og deildarstjórafundum og starfsmannafundum.

YTRA MAT

FORELDRAKÖNNUN SKÓLAPÚLSINS

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í febrúar sl. Svarhlutfall var mjög gott 83,5%. Í opnum svörum komu fram mörg falleg hvatningarorð til skólans og góðar ábendingar um það sem betur má fara. Það er ómetanlegt að fá raddir foreldra með þessum hætti. Svarhlutfall foreldra 83,5%.

1. **Daglegt leikskólastarf** - 87,3% foreldra eru ánægð með leikskólann og 88,6% foreldra sögðu barnið sitt ánægt í leikskólanum. Ánægja foreldra með stjórnun skólans er 95,9% og 95,7% foreldra telja að í skólanum sé hollur matur.
2. **Námsumhverfi** - 86% foreldra meta aðstöðu leikskólans góða og 85,7% telja vinnubrögð góð. Þátttaka án aðgreiningar telja foreldrar ganga vel í 97,4% tilfella.

3. Samskipti við foreldra - Þennan þátt leikskólastarfsins þarf nauðsynlega að skoða og bæta. 70,2% foreldra segjast ánægðir með upplýsingamiðlun leikskólans sem er töluvert lakara en í síðustu könnun. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans er ekki nema 40,9% og þekking foreldra á stefnu og námskrá leikskólans er 65,2%. Foreldrar sem telja sig ekki fá hvatningu til þátttöku í leikskólastarfinu eru 48,1% en þrátt fyrir þetta telja flestir foreldrar sig hafa góð tengsl við starfsfólk eða um 91,4%.

4. Upphaf og lok leiksskólagöngu - Með upphaf leiksskólagöngu voru 77,3% foreldra ánægðir, 85% foreldra voru ánægð með flutning á milli deilda og 71,4% foreldra töldu flutning á milli skólastiga góða.

Aukaspurning fylgdi könnuninni sem mældi ánægju með COVID viðbrögð skólans. Niðurstaðan bendir til mikillar ánægju foreldra eða um 97%, sem er ánægjulegt.

STARFSMANNAKÖNNUN LEIRVOGSTUNGUSKÓLA

Starfsmannakönnun var send út í mars 2022 og var svarhlutfall mjög gott eða um 86,4%. Niðurstöður voru ánægjulegar, starfsánægja meðal starfsfólks mælist almennt góð og starfsandinn er góður á heildina litið. Nauðsynlegt er þó að skerpa á notkun starfsmanna á Workplace og ýta undir virkni á þeim samskiptamiðli (sjá umbótaáætlun).

MATSÁÆTLUN

Matspáttur	Hautstönn 2022	Vorönn 2023	Haustönn 2023	Vorönn 2024
<u>Foreldrasamstarf og aðlögun</u>	Aðlögun nýrra barna Aðlögun milli deilda Upplýsingaflæði til foreldra Foreldraviðtöl	Móttaka barna- Skil		Viðhorfskönnun fyrir foreldra. Skólapúlsinn sér um framkvæmd.
<u>Uppeldis- og menntastarf</u>		Kennsluefnið Leikur að læra	Málörvun Snemmtæk íhlutun í málþroska og læsi Notkun á handbók leikskólans og kennsluefni	Hópastarf á deildum
<u>Mannauður</u>		Samskipti. Viðhorfskönnun fyrir starfsmenn. Mannauðsdeild sér um framkvæmd.	Starfsþróun	Viðhorfskönnun fyrir starfsmenn. Mannauðsdeild sér um framkvæmd.

UMBÓTAÁÆTLUN

Umbótaáætlun var unnin út frá foreldrakönnun Skólapúlsins ásamt starfsmannakönnun sem lögð var fyrir starfsmannahóp skólans. Okkar helsta markmið í umbótaáætlun er að bæta upplýsingaflæði til foreldra, bæta heimasíðu, virkja starfsfólk á Workplace og búa til nýja námskrá.

Umbótaráttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímasetning	Árangur
Upplýsingagjöf til foreldra	Bæta upplýsingagjöf til foreldra	Reglulegir deildapóstar og bæta virkni á Karellen	Stjórnendateymi Leikskólans	Haust 2022	Sjá matsáætlun
Heimasíða	Góður upplýsingamiðill með allar helstu upplýsingar sem tengjast leikskólastarfinu	Uppfæra, bæta við og lagfæra	Stjórnendur	Janúar 2023	Auka gæði í upplýsingagjöf
Workplace	Setja inn upplýsingar sem tengjast vinnu starfsmanna	Virkja starfsmenn inn á Workplace	Stjórnendur	Október 2022	Helsti samskiptamiðill starfsmanna Leirvogstunguskóla
Skólanámskrá	Móta stefnu leikskólans	Uppfæra, bæta við og lagfæra	Stjórnendur leikskólans	Áætluð lok Maí 2023	Skólanámskrá Leirvogstunguskóla

ÁHERSLUR LEIKSKÓLANS NÆSTA STARFSÁR

Síðustu ár höfum við verið að samræma starfið okkar og gera það markvissara á deildum þannig að allir séu að vinna í takt. Þetta er nauðsynlegt þar sem deildum leikskólans með blandaðan aldur hefur fjölgað.

Í Leirvogstunguskóla er unnið samkvæmt kennsluaðferðinni Leikur að læra þar sem áhersla er lögð á að læra í gegnum leikinn. Þessi kennsluaðferð hentar öllum börnum og er sniðin að þeirra þroskastigi hverju sinni. Áhersla er lögð á að allir nýir starfsmenn leikskólans fái byrjunarnámskeið í kennsluaðferðinni. Hver deild/hópur fer í Leikur að læra 1-2 sinnum í viku.

Efniviður: Áfram verður unnið með opin efnivið þar sem kubbar eru í forgrunni ásamt verðlausu efni. Áhersla er á könnunarleikinn meðal yngstu árganganna þar sem lögð er áhersla á skynjun barnanna. Í lok dags er svokallað kassaval sem inniheldur oft lokaðan efnivið.

Skapandi starf: Sköpun er einn af grunnþáttum menntunar og mikilvægur þáttur í öllu skólastarfi. Við viljum efla skapandi starf, ýta undir forvitni og frumkvæði. Við viljum hvetja börnin til að leita lausna, rýna, skoða og rannsaka. Umhverfið okkar og náttúran verða í forgrunni ásamt verðlausu efni og ímyndunaraflinu. Göngutúrar, listsköpun og fræðsla.

Lubbastundir: Verða vikulega inn á deildum. Þar eru íslensku máhljóðin kynnt fyrir börnum í gegnum skemmtilegar sögur, myndir og söngva. Lubbi er íslenskur fjárhundur sem þarf aðstoð barnanna í að efla málproska sinn. Námsefnið byggist á samþættingu sjón-, heyrnar- og hreyfiskyns.

Foreldrasamstarf: Áhersla er á að efla samstarf við foreldra, auka upplýsingaflæði með reglulegum upplýsingapóstum. Foreldrum verður boðið í heimsókn á deildir barna sinna í svokallað foreldrakaffi. Í október 2022 og á *Degi leikskólans* í febrúar 2023.

Danskennsla: Leikskólinn og foreldrafélagið mun bjóða þremur elstu árgöngunum upp á danskennslu sex mánudaga í röð. Danskennari heldur utan um kennsluna í samvinnu við kennara skólans.

Yoga: Í vetur munum við innleiða yoga inn í dagskipulagið. Hægt er að vinna það í Leikur að læra, í samveru og rólegri stund. Aðferðarfræðin að baki yoga verður ekki kynnt eða unnið beint eftir henni en yoga verður í gegnum leiki, sögur og hreyfispjöld. Hægt er að nota yoga með börnum á öllum aldri.

Stytting vinnuvikunnar: Varðandi starfsfólk leikskólans þá er stytting vinnuvikunnar það verkefni sem verður í forgangi á starfsárinu. Ákveðið teymi starfsmanna sér um framkvæmd verkefnisins.

Námskrá: Nú á haustmánuðum verður hafist handa í gerð nýrrar skólanámskrár sem áætlað er að líti dagsins ljós haustið 2023 eða fyrr.

Námsferð: Starfsfólk Leirvogstunguskóla stefnir á námsferð í apríl 2023.

STARFSMANNAMÁL OG ÁÆTLANIR

STARFSMANNAHÓPURINN

Í maí 2022 unnu 32 starfsmenn í Leirvogstunguskóla. Í þeim hópi eru átta leikskólakennarar, tveir háskólamenntaðir starfsmenn, fjórir í háskólanámi, tveir starfsmenn í leikskólaliðanum, matráður og almennir starfsmenn.

STARFSÞRÓUNARSAMTÖL

Starfsþróunarsamtöl eru haldin á hverri vorönn. Þessi samtöl eru trúnaðarsamtöl milli starfsmanns og stjórnenda. Markmið starfsþróunarsamtala er að ræða líðan og frammistöðu starfsmanns og gefst starfsmanni tækifæri til að láta vita ef eitthvað má betur fara. Niðurstöður eru nýttar til að færa til betri vegar það sem bent er á og kemur fram, hvort sem það snertir leikskólann eða starfsmanninn.

SÍMENNTUN FRÁ SÍÐASTA ÁRI

Árið 2021 fóru fjórir kennarar á TRAS námskeið. TRAS er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Allir starfsmenn skólans fengu kennslu í Öryggishringnum en hann er aðferð til að mæta þörfum barnsins þar sem aðlögun og myndun tengsla fer fram í gegnum daglegar athafnir í leikskólanum. Allir deildarstjórar sátu Lubbanámskeið. Einn starfsmaður fór á HLJÓM námskeið en HLJÓM er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir börn í elsta árgangi leikskólans til að meta hljóðkerfis- og málvitund þeirra. Einn deildarstjóri var í sérkennslufræðum og annar deildarstjóri í leikskólakennaranámi. Einn deildarstjóri fór á TMT námskeið. Tákn með tali er tjáskiptaaðferð sem notuð er með einstaklingum með mál- og talörðuleika. Þá fór einnig hluti starfsmanna á skyndihjálparnámskeið.

Fræðsludagur Mosfellsbæjar var haldin og þar tók starfsfólk þátt rafrænt.

ÁÆTLUN UM SÍMENNTUN Í LEIKSKÓLANUM

Leirvogstunguskóli er framsækinn skóli í sífelldri þróun og því símenntun nauðsynleg. Á haustmánuðum er einn starfsmaður í sérkennslunámi, fjórir starfsmenn í leikskólaliðanum, tveir í háskólanámi og einn starfsmaður í stuðningsfulltrúanámi. Einn deildarstjóri fer á TRAS námskeið, tveir starfsmenn ungbarnadeildar fara á TMT námskeið og einn deildarstjóri fer á Lubbanámskeið. Stefnt er að námsferð í apríl 2023. Allir starfsmenn fara á LAL námskeið og allir nýir starfsmenn sækja nýliðakynningu.

AÐRAR UPPLÝSINGAR

BARNAHÓPURINN 1. MAÍ

Í Leirvogstunguskóla voru 112 börn á aldrinum 1 árs - 5 ára, fædd 2017 -2021. Kynjahlutfall er mjög jafnt, 57 drengir og 56 stúlkur. Þau skiptast niður á 6 deildir, Kvíslakot, Laxakot, Leirukot, Tungukot, Vogakot og Fossakot. Það eru 6 börn með annað móðurmál en íslensku og 9 börn sem eiga annað foreldri af erlendum uppruna. Önnur tungumál en íslenska í barnahópnum er enska, pólska, litháíska, filipíska, franska, þýska, hebreska og gríska.

FORELDRASAMVINNA

FORELDRARÁÐ

Til setu í foreldraráði eru valdir/kosnir þrír einstaklingar úr foreldrahópi Leirvogstunguskóla. Valið er í ráðið að hausti til eins árs í senn Leikskólastjóri skal upplýsa ráðið um öll þau mál sem snert geta starfsemi skólans. Foreldraráð gefur umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar um skólanámskrá og annað sem viðkemur málum skólans. Ráðið fer yfir allar breytingar t.d. á skóladagatali og ábendingar frá foreldrum.

FORELDRAVIÐTÖL

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar á skólaári eða einu sinni á önn í byrjun nóvember og mars. Fyrirkomulagið hefur verið þannig að foreldrarnir koma í leikskólann og ræða við deildarstjóra barna sinna í 15 mín. Síðustu 2 ár hefur það hins vegar ekki verið hægt og hefur þá verið hringt eða talað saman rafrænt. Þetta fyrirkomulag hefur reynst mjög vel og foreldrar og starfsfólk ánæggt. Þetta fyrirkomulag er í höndum hvers og eins deildarstjóra.

FORELDRAFÉLAG

Foreldrafélag er starfandi við skólann og eru allir foreldrar félagar í því. Á hverju hausti er haldinn aðalfundur þar sem dagskrá skólaársins er kynnt og gjald vetrarins ákveðið. Félagið sér um sumarhátíðina, kaupir jólapakka frá jólasveininum og aðrir upptökur eftir hugmynd þeirra hverju sinni.

Samstarf við aðra skóla og stofnanir

Á hverju ári fer elsti árgangur skólans í skólaheimsókn í Varmárskóla. Bókasafn Mosfellsbæjar hefur einnig boðið börnunum í heimsókn. Sumarleikskólinn er samstarfsverkefni leikskóla Mosfellsbæjar, þá sameinast allir leikskólar á einn leikskóla en þá geta hinir nýtt lokun í viðhald ef þörf er á.

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Leirvogstunguskóli tók til starfa þann 17. ágúst árið 2011 og var rekinn sem leikskóladeild frá leikskólanum Reykjakoti fram til september 2014. Í upphafi voru aðeins tvær deildir í leikskólanum en síðastliðin ár hefur deildunum fjölgað og haustið 2020 var skólinn orðinn sex deilda leikskóli og í honum dvelja 112 börn frá aldrinum 12 mánaða til 6 ára.

Í Leirvogstunguskóla er lögð áhersla á markvissa og faglega kennslu í gegnum hreyfingu, leik og skynjun. Hugmyndafræði leikskólans byggir á kennsluaðferðinni Leikur að læra, þar sem form-, lita-, bókstafa-, stærðfræði- og hljóðakennslu er fléttað saman við hreyfingu. Dagskipulag

leikskólans er skýrt en veitir svigrúm til þess að bregða út af því þegar þess þarf. Skipulag og ákveðnar tímasetningar gefa starfinu festu og veita börnunum, foreldrum þeirra og starfsfólki leikskólans öryggi. Hópatímar eru einu sinni á dag, fyrir hádegi. Hópatímum er stýrt af hópstjóra og í þeim eru unnin verkefni sem miða að því að þjálfa ákveðna færni. Í hópatímum er m.a. unnið með

07:30	Leikskólinn opnar
08:00	Frjáls leikur
09:00	Morgunmatur
09:30	Hópatími
12:00	Hádegismatur
12:30	Róleg stund/hvíld
13:00	Val
14:45	Nónhressing
15:20	Kassaval/útivera

kennsluaðferðina Leikur að læra, hreyfistundir, list, kubbastundir, hlutverkaleiki, útileiki og vettvangsferðir. Val er eftir hádegi og þá er í boði ; útisvæði, dýnustofa, holukubbar, einingakubbar, leirkrókur og föndurkrókur. Í lok dags er kassaval þar sem boðið er upp á lokaðan efnivið.

HEFÐIR OG MENNING

Afmæli barna: Þegar börn eiga afmæli höldum við upp á það. Afmælisbarnið býður börnunum á deildinni upp á ávexti og fær afmælisbarnið kórónu, skikkju og sungin er afmælissöngur.

Dótadagar: Þeir eru tveir á hvorri önn (okt/nóv og feb/mars) þá mega börnin koma með dót að heiman.

Bangsadagur: 27. október er alþjóðlegi bangsadagurinn. Á þeim degi er náttfata- og bangsadagur í leikskólanum.

Dagur íslenskrar tungu: Þá eru sögur og/eða ljóð lesin eftir íslenska höfunda á hverri deild.

Jólin: Um leið og aðventan gengur í garð förum við að huga að jólunum. Við fáum til okkar „Jól í tösku“ sem er leikrit um Grýlu og jólasveinana. Við syngjum jólalög og börnin búa til jólagjafir handa foreldrum. Við höldum jólaball þar sem jólasveinninn kemur í heimsókn með pakka handa hverju barni og borðaður er hátíðarmatur.

Ljósadagur: Í janúar ár hvert höldum við ljósdag þar sem börnin mega koma með vasaljós að heiman og við lýsum upp svartasta skammdegið.

Dagur leikskólans: Við höldum upp á daginn með því að skreyta skólann með listaverkum barnanna og höfum opið hús fyrir foreldra og bjóðum í foreldrakaffi.

Porrablót: Á bóndadaginn er boðið upp á íslenskan þorramat. Börnin föndra þorrakórónur og mega mæta lopapeysum ef þau kjósa svo.

Bolludagur - Sprengidagur - Öskudagur:

Við fögnum bolludeginum með fiskibollum í hádeginu og gómsætum rjómaþollum í nónhressingu. Á sprengidag belgjum við okkur út af saltkjöti og baunum, samkvæmt gamalli hefð. Á öskudaginn er búningadagur og slegið upp öskudagsball í tilefni dagsins.

Vorhátíð: Í júní er haldin vorhátíð í boði foreldrafélagsins. Hátíðin er haldin utandyra þar sem margt skemmtilegt er í boði. Grillaðar pylsur og farið í sknúðgöngu og leiki.



